




Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2020

## **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021 (5. mál)**

Félag atvinnureknda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar 14. október sl. um ofangreint mál, á bingskjali 5.

FA vill beina sjónum sérstaklega að 2. grein frumvarpsins, þar sem kveðið er á um 2,5% hækkun áfengisgjalda. Félagið leyfir sér að vekja athygli á því að áfengisgjöld á Íslandi eru þau hæstu í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Í fylgiskjali má sjá samanburð á áfengisgjöldum í 37 Evrópulöndum, miðað við gengi gjaldmiðla í september 2019. Gjöldin eru langsamlega hæst á Íslandi. Á móti kemur að Ísland leggur lægri virðisaukaskatt á áfenga drykki en flest Evrópulönd en það breytir ekki því að samanlöögð skattlagning á áfengum drykkjum er sú hæsta í Evrópu. Hér er sama mynd og í fylgiskjalinu. Hún er ekki mjög vel læsileg í þessari stærð, en íslenzka súlan er auðþekkjanleg á því að hún er út úr korti við allar hinar.




Hér að neðan eru myndræn dæmi um hvernig skattar ríkisins leggjast á áfenga drykki í Vínbúðum ÁTVR. Rétt er að hafa í huga að vegna þess að áfengisgjaldið er krónutala sem leggst á eftir áfengisinnihaldi leggst skatturinn hlutfallslega þyngra á áfengistegundir sem eru ódýrari í innkaupum og neytendur hafa almennt frekar ráð á að kaupa, en á „fínni“ og dýrari tegundir. Í þessum dæmum er tekið meðaltalsverð og meðaltalsáfengisprósenta fyrir

viðkomandi stærð af umbúðum í Vínbúðinni. Einnig er sýnt hvernig álagning ÁTVR kemur inn í dæmið og hvað ríkisvaldið fær þannig í heild í sinn hlut af verði viðkomandi vörum að meðaltali.



2020



Ekki leikur nokkur vafi á að þessi óhóflega skattheimta ríkisins er meginorsök þess að áfengisverð á Íslandi er það langhæsta í Evrópu, eins og sjá má á næstu mynd, sem byggð er á gögnum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.



Innlendir framleiðendur greiða áfengisgjald við afhendingu vörunnar og innflytjendur í tolli. Uppgjörstímabilið er einn mánuður. Þetta þýðir, ólikt t.d. innheimtu virðisaukaskatts, að skatturinn er oft og iðulega greiddur áður en króna er komin í kassann af sölu vörunnar. Vegna þess hvað áfengisgjaldið er gríðarlega hátt hlutfall söluverðsins hefur þetta neikvæð áhrif á sjóðstreymi og rekstraráhættu innflytjenda og framleiðenda áfengis, ekki sízt þeirra minni.

Hinr gífurlega háu áfengisskattar bitna því jafnt á innlendri framleiðslu og innflutningsverzlun. Þeir skerða hag neytenda. Þeir skaða samkeppnisstöðu íslenzkrar ferðabjónustu. Þeir ýta undir smygl og heimabruggr. Það er hægt að ganga alltof langt í skattlagningu og það hefur augljóslega verið gert í þessu tilviki.

FA hvetur þingnefndina til að sýna nú svolítinn dug og þor og fella út 2. grein frumvarpsins. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir skattpíningu neytenda þessarar einu neyzluvöru.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen  
Framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Samanburður á áfengisgjöldum í Evrópulöndum. Heimild: Spirits Europe.

